

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssonar**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 21. mars 2012.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu (96. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að sett verði hámark á verðtryggða vexti lánsfjár.*

Viðskiptaráð Íslands styður heilshugar allar aðgerðir er miða að því að halda verðbólgu í skefjum, en íslensk fyrirtæki og heimili hafa of lengi búið við óásættanlegt ástand mikillar og breytilegrar verðbólgu. Áhrif hárrar verðbólgu á höfuðstól verðtryggðra lána og þar með fjárhagslegar byrðar fyrirtækja og heimila eru bagaleg og rétt er að leggjast í markvissa vinnu við að kanna hvort og þá hvernig unnt sé að draga úr þeim. Hvað það varðar skiptir útgjaldastefna hins opinbera afar miklu máli til lengri tíma, en aðhaldssöm útgjaldastefna er skilvirkasta leiðin til að draga úr peningamagni í umferð og þar með verðbólgu. Að auki er öllum ljóst það nána sambands sem er á milli gengis og verðlags, sem hefur verið einn drifkraftur aukinnar verðbólgu. Með því að draga úr gengissveiflum er dregið úr verðbólgu, en til þess þarf efnahagsstefnan (þar með talin ríkisfjármálastefnan) beinlínis að miða að því að viðhalda stöðugleika og þá er algert grundvallaratriði að stefnan sé í alla staði trúverðug.


Frumvarp þetta felur í sér að settir verði 2% hámarks vextir á verðtryggt lánsfé sem ætlað er ná fram raunvaxtalækkun fasteignalána "... sem eru að meðaltali 4,8% og hæri en gerist í nágrannalöndum okkar þar sem verðtrygging er ekki jafn útbreidd." Viðskiptaráð telur markmið þetta góðra gjalda vert og er eins og aðrir hlynnt öllum aðgerðum sem miða að lágmarkun verðbólgu og þar með hagfelldari kjörum á lánum fyrirtækja og heimila. Þó er óvíst hvort tillaga þessi sé vænleg leið og fyrir því eru ýmsar ástæður. Skiptir þar mestu að hámark þetta mun eðli málsins samkvæmt ekki verða þess valdandi að draga úr undirliggjandi verðbólgu í hagkerfinu, en eins og þekkt er þá er verðtryggingin sem slík ekki orsök hárra vaxta og höfuðstólshækkana verðtryggðra lána heldur verðbólgan. Þó má vissulega deila um samsetningu vísitölunnar og þá hvort rétt sé að eintaka liðir hennar eigi að hafa áhrif á verðtryggingu lána og innstæðna.

Eins og komið hefur fram í ritum Seðlabankans þá þarf að nota verðtryggingu eða hærri vexti til þess að bæta eigendum sparifjár eða lánastofnunum rýrnun höfuðstóls og meiri óvissu um raunávöxtun, þ.e.a.s. þeirri ávöxtun sem stendur eftir þegar rýrnun höfuðstóls hefur verið dregin frá vöxtum. Þá hefur jafnframt komið fram í ritum Seðlabankans að án verðtryggingar leiðir mikil verðbólga til þess að fjármálastofnanir verða tregari til að lána fyrirtækjum og heimilum til lengri tíma. Mikil og breytileg verðbólga kann því að draga úr fjárfestingu.

Að auki hefði verið þarft að ræða aðrar mögulegar afleiðingar þessarar tillögu í greinargerð frumvarpsins. Lögbundnir hámarks vextir á verðtryggð lán hefðu að öllum líkindum töluverð áhrif á ýmsa marksaðila, t.d. lífeyrissjóði og Íbúðalánasjóð, sem eru stórir lánveitendur verðtryggðra lána og þar með útgefendur verðtryggðra skuldabréfa. Þessir aðilar þyrftu, ef þeir kjósa ekki að taka á sig tapið af vaxtaþakinu, að bregðast við með einhverjum hætti til að stemma af eigin fjármagnskostnað og fjármagnstekjur af útlánum. Ríkissjóður hefur nú þegar þurft að hlaupa undir bagga með Íbúðalánasjóði og er vart í þeirri stöðu til að endurtaka leikinn. Að auki myndu hámarks útlánavextir líklegast kalla á enn lægri innlánsvexti og hafa þannig áhrif á alla þá er eiga innstæður á verðtryggðum innlánsreikningum.

Að þessu sögðu er rétt að ítreka þá afstöðu Viðskiptaráðs að afar mikilvægt er að draga úr verðbólgu og áhrifum hennar á fyrirtæki og heimili í landinu. Þá er þarft að íhuga vandlega leiðir til að draga verulega úr verðtryggingu lána enda myndi raunvaxtalækkun lána koma öll fyrirtækjum og heimilum til góða. Það skiptir hins vegar grundvallarmáli að öll áhrif boðaðra aðgerða séu vel ígrunduð.

Virðingarfyllst,



---

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri